

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudagurinn 7. apríl 2017.



VINSTRI GRÆN

16. Fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Hrafnkell Lárusson ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Björn Valur Gíslason, Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Jakob Jónsson. F.h. UVG Ragnar Auðun Árnason. F.h. EVG Þóra Elfa Björnsson. F.h starfsmanna: Bjarki Þór Grönfeldt og Lísa Kristjánsdóttir. Á fjarfundi: Ingibjörg Þórðardóttir og Sóley Björk Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi sveitarstjórnarráðs.

Forföll boðuðu; Elín Oddný Sigurðardóttir, Edward H. Huijbens, Daníel Haukur Arnarsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Bjarni Jónsson.
Fundur settur kl. 15:15.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram til samþykktar.
Samþykkt samhljóða.
2. Trúnaðarmál og facebook-reglur.
Katrín greindi frá því að framkvæmdastjóri hefði, með hliðsjón af umræðu á síðasta stjórnarfundum, útbúið reglur um notkun félaga á Facebook-síðu VG. Reglurnar hafa verið birtar á Facebook-síðunni. Einnig skýrði Katrín frá álitum trúnaðarráðs VG á þessu efni.
3. Undirbúningur landsfundar og skipan í málefnaþópa.
Katrín kynnti málið. Búið að ganga frá skipan hópstjóra í flesta hópa. Varðandi skipan lagabreytingarnefndar þá kynnti Katrín tillögu að fyrirkomulagi. Stjórn skipi fimm manna nefnd. Tillaga um skipan nefndarinnar lögð fyrir næsta stjórnarfund.
Katrín greindi frá væntanlegum gestum á landsfund VG í haust. Rætt hefur verið við þrjá erlenda gesti. Áhersla á friðarmál og kvenfrelsi. Rætt um fyrirkomulag landsfundar og lengd fundar.

Una Hildardóttir tekur sæti á fundinum kl. 15:40.

4. Nýliðakvöld 19. apríl og upplýsingar um nýja félaga og stjórnir.
Lísa greindi frá undirbúningi nýliðakvöldsins og drögum að dagskrá. Tekur mið af ábendingum og óskum nýliða. Bjarki sagði frá nýskráningum í hreyfinguna á árinu og breytingum á stjórnnum svæðisfélaga. Björg Eva greindi frá því að úrsagnir úr hreyfingunni á þessu ári væru nær engar. Rætt um uppfærslur félagatala, skráningar

í hreyfinguna og samskipti við skráða félag. Framkvæmdastjórn falið að fara yfir meðferð félagatala og aðferðir við skráningar í hreyfinguna.

5. Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga, fyrstu sóknarfundir forystu með stærstu félögum.

Stefnt að fundum fulltrúa stjórnar með sveitarstjórnarfólki og tuttugu stærstu svæðisfélögum í apríl og maí. Fundur með VGR hefur þegar verið haldinn. Katrín greindi frá áherslum í vinnunni framundan og lagði til vinnufyrirkomulag við undirbúning. Mikilvægt að taka tillit til ólíkra aðstæðna og hafa skýra tímalínu varðandi undirbúning framboða.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra um fjármál hreyfingarinnar að loknum fyrsta ársfjórðungi 2017.

Björg Eva kynnti efni skýrslunnar, frávik vegna gamalla reikninga og aukafunda. Fyrirspurnir og umræður um efni hennar og fjárhagsstöðu hreyfingarinnar. Reksturinn er samkvæmt áætlun. Hreyfingalisti með skýringum kynntur á næsta fundi.

Ragnar Auðun yfirgaf fundinn kl. 16:25.

7. Stjórn málaástandið.

Katrín ræddi stöðuna í alþjóðamálum og í stjórn málum hér á landi, einkum um þingstörfin og helstu mál sem eru til meðferðar Alþingis. Umræður.

Álfheiður Ingadóttir yfirgaf fundinn kl. 16:53.

Rósa Björk yfirgaf fundinn kl. 17:16.

Þóra Elfa yfirgaf fundinn kl. 17:18.

8. Önnur mál.

- a. Jakob Jónsson lagði til að málefni barna fengju sérstaka umfjöllun í málefnaþópum.

Fundi slitið kl. 17:21.

Næsti fundur stjórnar VG boðaður föstudaginn 5. maí kl. 15:00.